

FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Dagur hinna villtu blóma 18. júní 2006

Ákveðið hefur verið að halda dag hinna villtu blóma á Norðurlöndunum sunnudaginn 18. júní árið 2006. Síðastliðið ár var efnt til plöntuskoðunar á 469 stöðum á Norðurlöndunum öllum, með samtals um 11597 þátttakendum eins og nánar má sjá á heimasíðu danska grasafraeðifélagsins, www.botaniskforening.dk. Hér á landi var efnt til plöntuskoðunar á hvorki meira né minna en 18 stöðum vítt og breitt um landið. Það er alveg frábær þátttaka og sýnir hvað flóruvinir eru fúsir til að leggja hönd á plóginn. Ég vil sérstaklega þakka öllum þeim sem tóku að sér leiðsögn á þessum degi. Veðurguðirnir stóðu sig hins vegar ekki eins vel því víða var dýnjandi rigning og kalsaveður. Af þessu leiddi að á 7 af þessum 18 stöðum féll skoðunin annað hvort niður, eða var haldin með aðeins einum eða tveim gestum. Annars staðar gekk betur, og voru þátttakendur samtals 124 yfir allt landið.

Við verðum því að vona að betur viðri í ár, og að flóruvinir láti þessa reynslu ekki á sig fá, heldur verði bjartsýnir. Hversu víða haldið verður upp á daginn veltur eingöngu á því, hversu margir leiðbeinendur fást. Ég vil því biðja alla sem áhuga hafa á að leiða hóp á sínu svæði, að hafa samband á netfangið hkris@ni.is eða gogo@ni.is, láta vita um stað og tíma og verður því þá bætt á www.floraislands.is.

Dagur hinna villtu blóma er stílaður upp á að

fá sem flesta nýja þátttakendur með, sem lítið þekkja af plöntum fyrir og ekki hafa áður lagt sig eftir að greina plöntur, og koma þeim upp á bragðið.

Eins og áður er gert ráð fyrir að skoðunarferðin taki um tvo tíma, en getur verið hvort heldur er fyrir eða eftir hádegi, eða jafnvel að kvöldinu, allt eftir því hvað hentugast þykir á hverjum stað. Nánari upplýsingar má finna undir flóruvinum á www.floraislands.is

Plöntuvefsjá

Náttúrufræðistofnun fékk á síðasta ári styrk til að vinna að gerð vefsjár sem er beintengd við gagnagrunna stofnunarinnar. Plönturnar verða notaðar sem tilraunaverkefni í byrjun, en síðar er áformað að vinna í hana efni um fugla, skordýr og ýmislegt fleira úr náttúrunnar ríki. Umhverfisráðherra opnaði plöntuhluta vefsjárinnar á ársfundi N.Í. þann 6. apríl 2006.

Vefsjáið fær aðgang að öllu efni sem hefur verið aðgengilegt á www.floraislands.is og ætti hún í raun að geta komið í stað hennar. Í vefsjáið mun ítarlegri texti um plönturnar, og hefur Gróa Valgerður Ingimundardóttir sem er flóruvinum að góðu kunn, unnið hörðum höndum að bæta við þessa texta á síðastliðnu og þessu ári. Kominn er texti fyrir um 1000 tegundir, blómplöntur, burkna, mosa, fléttur og sveppi og bætist vonandi meira við síðar. Vefsjáið sýnir útbreiðslukort allra plantna eftir þeim heimildum sem hafa verið færðar í gagnagrunninn án tillits til þess hvort texti er til fyrir þær eða ekki. Því þarf ekki lengur að

uppfæra útbreiðslukort á flóruvefsíðunni eins og áður, það nægir að bæta upplýsingum í gagnagrunninn eftir því sem þær berast frá vettvangsferðum, flóruvinum, eða eftir öðrum heimildum, þá verða þær strax sýnilegar í vefsíðunni.

Þegar plöntuvefsjáin er opnuð, birtist Íslandskort. Við hlið þess er valrammi, þar sem hægt er að velja eitt af þrennu: tegund eftir latnesku nafni, tegund eftir íslensku nafni, eða reitnúmer. Ef valin er tegund, koma punktar fyrir útbreiðslu hennar samkvæmt 10x10 km reitkerfi inn á kortið. Neðst birtist nafn tegundarinnar, og ef klikkað er á nafnið birtist textaskjár með myndum ef til eru.

Ef valið er reitnúmer, birtist neðan kortsins listi yfir allar tegundir sem skráðar hafa verið í viðkomandi reit. Með því að virkja 1 efst til vinstri er hægt að merkja ákveðið landsvæði með bendlinum og fá lista yfir allar plöntur á því svæði. Einnig er hægt að þysja inn á kortið og stækka það, og kemur þá í ljós sú 10 x 10 km reitskipting sem útbreiðslukortin byggja á. Ef þetta virkar vel, ætti því ekki að verða þörf á því í framtíðinni að senda ljósrit af korti með reitkerfinu til flóruvina af þeim svæðum sem þeir eru að skoða. Að sjálfsögðu verður það þó áfram gert til að þjóna þeim sem ekki hafa aðgang að netinu og þar með plöntuvefsíðunni.

Slóðin að vefsíðunni verður www.ni.is/vefsja

Vöktun válistaplantna

Eins og flóruvinum mun vera kunnugt, eru sumar sjaldgæfustu plöntur landsins friðaðar, en allmargar fleiri hafa verið settar á válista, þótt ekki séu þær friðaðar. Það er eitt af verkefnum Náttúrufræðistofnunar Íslands að meta stöðu plantna og dýra á válista og gefa þá út. Válisti I yfir plöntur var síðast gefinn út árið 1996, og eru á honum 52 tegundir blómplantna, 74 mosar og 67 Fléttur. Jafnframt þessu er það í verkahring stofnunarinnar að fylgjast með þessum plöntum, hvort útbreiðslusvæði þeirra stækkar eða dregst saman, og meta þannig samkvæmt alþjóðlegum stöðlum útrýmingarhættu þeirra.

Undanfarin ár hefur verið gert átak í að afla þessara upplýsinga. Af því tilefni ætla ég að segja flóruvinum frá niðurstöðum af nokkrum heimsóknum til þessara plantna.

Burstajafni. Hann fannst fyrst með vissu á Íslandi árið 1917, þegar skólapiltur að austan hafði með sér eintök frá Ormsstaðafjalli í Breiðdal í Menntaskólann á Akureyri til Stefáns Stefánssonar skólameistara. Eyþór Einarsson, grasfræðingur segir frá þessum fundi í grein í Náttúrufræðingnum, 36. árg. sem út kom árið 1968. Samkvæmt því sem þar kemur fram var það Geirlaug Filippusdóttir sem fann jafnann, og mun því væntanlega hafa sent eintök með skólapiltinum til greiningar. Jafninn týndist hins vegar aftur þar til Eyþór endurfann hann árið 1967 eftir lýsingu Geirlaugar á fundarstaðnum. Eyþór skoðaði jafnann síðan aftur árið 1997, og 2005 kom ég á staðinn ásamt Gróu Valgerði Ingimundardóttur.

Samkvæmt þeim heimildum sem nú eru fyrir hendi virðist ljóst að jafninn er að þroskast betur



1. mynd. Sproti af íslenskum burstajafna í nærsýn.

og betur, og breiðir meira úr sér en áður. Eintökin sem tekin voru 1917 voru ógróbær. Þegar hann fannst aftur árið 1967 voru komin gróbær eintök, og vaxtarsvæðið talið vera um 4 fermetrar. 1997 og 2005 er það hins vegar orðið meir en 20 fermetrar að stærð, og með fjölmörgum gróbærum stönglum.

Burstajafninn vex þarna í einni laut þétt vaxinni af lyngi uppi á vesturbarmi Brunnlækjargils í um 175-180 m hæð yfir sjávarmáli. En er það ekki ótrúlegt, að burstajafninn finnist hvergi annars staðar en þarna? Gæti hann ekki



2. mynd. Burstajafninn í Breiðdal með ungum gróöxum sem eru að byrja að þroskast

leynst víðar á afskekktum stöðum í skjóli Austfjarðafjalla, þótt ekki hafi hann fundist? Ekki síst þar sem ljóst er hversu erfitt hefur reynst að finna hann aftur á þessum eina stað, þótt vitað hafi verið um hann áður. Að minnsta kosti er full ástæða fyrir austfirsku flóruvini og aðra sem þar eru á ferð um fjöll og dali, að hafa augun vakandi fyrir sprotum í líkingu við þá sem myndin er af hér að ofan.

Eins og sjá má eru hinir grönnu, gróbæru stönglar með tveim öxum á endanum ólíkir því sem gerist á öðrum íslenskum jöfnum (2. mynd), og sömuleiðis eru hároddar blaðsprotanna sérstæðir (1. mynd).

Gljástör. Hún hefur fundist á tveim stöðum á Íslandi, á Hvammi undir Eyjafjöllum og við Hrafnabjörg í Hörðudal, Dalasýslu. Það var Geir Gígja sem fyrstur safnaði þessari störi í Hvammi árið 1947, og árið eftir fann Ingimar Óskarsson hana á Ytri-Hrafnabjörgum í Hörðudal. Hefur Ingimar sagt frá þessum fundum í greinum í Náttúrufræðingnum 1949, 1961 og 1967.

Fundarstaðinn í Hvammi hef ég skoðað nokkrum sinnum, síðast sumurin 2002 og 2005. Þar er mjög mikið af gljástör í allri hlífðinni ofan

við bæinn, frá brekkurótum upp undir kletta í um 150 m hæð yfir sjávarmáli. Samkvæmt mælingum okkar mun vaxtarsvæðið vera um 400 x 240 m, eða um 9 hektarar að stærð. Trúlega er það meginástæða þess að gljástör hefur ekki verið sett á valista. Gljástörin er tiltölulega auðþekkt á hinum ljósgrænu, gljándi öxum sínum.

Árið 2003 kom ég við á Ytri-Hrafnabjörgum í Hörðudal ásamt Evu G. Þorvaldsdóttur grasfræðingi til að skoða fundarstað gljástararinnar þar. Okkur gekk fremur greiðlega að finna fundarstað

hennar eftir lýsingum í greinum Ingimars. Ýmis kennileiti sem þar voru nefnd renndu stöðum undir fundarstaðinn. Hins vegar var þar engin gljástör sjáanleg þótt vel væri leitað. Samkvæmt lýsingu Ingimars var bletturinn sem störin óx á aðeins um 100 fermetrar að stærð. Nokkrar líkur eru því á að gljástörin sé útdaud á þessum stað, þótt um það verði ekki fullyrt að sinni.

Skógelfting. Hún hefur fundist á þrem stöðum á Íslandi. Fyrst fannst hún árið 1925 í Heydal við Mjóafjörð, Ísafjarðardjúpi, af Ingimari Óskarssyni. Árið 1955 fann Helgi Jónasson á Gvendarstöðum skógelftingu á Eyri við Ingólfsfjörð, og að lokum fann Eyþór Einarsson hana árið 1960 í Sandvík við Gerpi á Austfjörðum.

Í Heydal nær elftingin yfir nokkurt svæði báðum megin í dalnum, en er víða mjög smávaxin og léleg. Ýmislegt bendir til að hún sé þar fremur á undanhaldi, þótt um það verði ekkert fullyrt. Um skógelftinguna á Eyri við Ingólfsfjörð er ekkert vitað annað en segir í grein Helga Jónassonar í tímaritinu Flóru árið 1964. Líklega hefur hann aðeins séð hana þar á einum bletti.


Margt bendir til að í Sandvík fyrir austan sé



3. mynd. Eitt karlax og þrjú kvenöx á gljástör.

skógelftingin bæði þroskalegri og nái yfir stærra svæði en á hinum stöðunum. Sjálfur gekk ég fram á skógelftingu niðri á flatanum innarlega í Sandvík árið 1991, og Hjörleifur Guttormsson getur þess í Árbók F.Í. 2005 að hann hafi fundið skógelftingu á nokkrum stöðum á Mjóahjalla í norðanverðri Sandvík.

Síðastliðið sumar fórum við Gróa Valgerður yfir í Sandvík frá Viðfirði til að kanna betur útbreiðslu skógelftingarinnar þar. Reyndist hún



4. mynd. Rauðir krossar sýna þekktu útbreiðslu skógelftingar í Sandvík. (Kort: Landmælingar Íslands, 1:100.000).

vera á allstóru svæði í hlíðinni að norðanverðu í víkinni og einnig niðri á flatlandi innst inni við botn dalverpisins. Meðfylgjandi kort sýnir nokkurn veginn það svæði sem vitað er um skógelftinguna á.

Vatnsögn er ein allra minnsta blómplanta á Íslandi. Þó hefur lengi verið kunnugt um hana á Laugarvatni við jarðhitann þar. Hennar er getið strax árið 1772 í plöntulista J. Zoega, sem birtist í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Árið 1907 fann Helgi Jónsson, grasafræðingur hana einnig á jarðhitasvæðinu á Laugarási í Biskupstungum. Segir hann frá því í Skýrslum hins íslenska Náttúrufræðifélags sem út komu árið 1909. Að lokum fannst hún á þriðja vaxtarstaðnum árið 1961, þegar Bergþór Jóhannsson var að skoða mosa við Þorlákshver í Skálholti. Birti hann grein um þann fund í Náttúrufræðingnum árið 1962. Þá hafði vatns-

ögnin verið týnd í allmörg ár, og hafði ekki fundist allengi þrátt fyrir nokkra leit. Oft er það þannig á jarðhitasvæðum, að mjög mikið rask getur fylgt ýmis konar nýtingu jarðhitans. Þrátt fyrir það hefur vatnsögnin komist af á öllum þessum svæðum, því árin 2002 og 2003 heim-sótti ég alla þessa staði og reyndist hún vera á þeim öllum. Enn í dag eru þetta einu þrjár fundarstaðirnir sem þekktir eru fyrir þessa tegund.

Mest virtist mér vera af henni á jarðhitasvæðinu í Laugarási, og er hún þar á allstóru afgirtu svæði, um það bil 500-600 fermetrum. Miklu minna sá ég af henni við Laugarvatn þar sem hún var á um 100 fermetra svæði. Við Þorlákshver var einnig ofurlítið af vatnsögn meðfram læk sem rennur frá hvernum, en á mjög litlum bletti.

Þótt vatnsögnin sé smá, er hún ótrúlega seig að bjarga sér þrátt fyrir rask. Hún er einær, en mjög fljót að blómstra, þroska fræ og sá sér út. Hún vex því oft í þéttum breiðum þar sem hún hefur góð skilyrði. Hún er hins vegar viðkvæm fyrir vetrarkulda, og þrífst líklega ekki óvarin utan dyra hér á landi nema við jarðhita.

Vatnsögnin vex hér að jafnaði ekki á kafi í vatni, heldur á blautum, ýmist leirkenndum eða malarkenndum jarðvegi, eða meðfram volgum seitlum.



5. mynd. Vatnsögn í malarkenndum jarðvegi á jarðhitasvæðinu á Laugarási í Biskupstungum.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Borgum við Norðurlóð Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 460 0500 Bréfasími 460 0501
Hemi 3 Póst hól f 5320 125 Reykjavík Sími 59000500 Bréfasími 590 0595

© Náttúrufræðistofnun Íslands Ábm.: Hörður Kristinsson Netfang: hkris@ni.is